

Fjármál fyrir lífið: 2023-2024

Kynning á námsgreininni og kennsluaðferðir

Á námskeiðinu er tekist á við hugtök og hagnýt verkefni sem tengjast eigin fjármálum þar með talið innkomu, sköttum, sparnaði, neyslu og lán. Markmið námskeiðsins er að efla fjármálalæsi sem gagnast nemendum við ákvarðanir í eigin lífi. Megin viðfangsefni námskeiðsins eru uppruni verðmæta, ráðstöfun þeirra, sparnaður, lán, vextir, launaseðlar, rekstur heimilisins og skattar. Námsfyrirkomulagið er í formi fyrirlestra, umræðna, upplýsingaleitar og hagnýtra verkefna og leitast er við að gera hvern námsþátt í námskeiðinu merkingarbært fyrir nemendur þar sem þeir geta tengt efni við eigi líf.

Komið verður til móts við bráðgera nemendur með ítarefni og viðameiri viðfangsefnum. Öllum nemendum, þar með talið bráðgerum og seinfærum, býðst að skila verkefnum með skapandi hætti þar sem ekki gerð krafa um form skila heldur innihald og að tilteknum spurningum sé svarað. Samlestur og samstarf þar sem kennari raðar ólíkum nemendum saman í hópa sem veða upp styrkleika og veikleika hvors annars á að gefa nemendum tækifæri til að læra í gegnum félagslegt nám þar sem nemendur fá stuðning bæði af kennara og samnemendum. Öll viðvik sem ekki koma til móts við fyrrnefnda hópa vera skoðuð sérstaklega í samráði við aðstandendur nemanda þar sem leitast er við að finna leiðir til að allir nemendur fái tækifæri til að efla hæfni sína og þekkingu á námskeiðinu.

Komið verður til móts við bráðgera nemendur með ítarefni og viðameiri viðfangsefnum. Öllum nemendum, þar með talið bráðgerum og seinfærum, býðst að skila verkefnum með skapandi hætti þar sem ekki gerð krafa um form skila heldur innihald og að tilteknum spurningum sé svarað. Samlestur og samstarf þar sem kennari raðar ólíkum nemendum saman í hópa sem veða upp styrkleika og veikleika hvors annars á að gefa nemendum tækifæri til að læra í gegnum félagslegt nám þar sem nemendur fá stuðning bæði af kennara og samnemendum. Öll viðvik sem ekki koma til móts við fyrrnefnda hópa vera skoðuð séstaklega í samráði við aðstandendur nemanda þar sem leitast er við að finna leiðir til að allir nemendur fái tækifæri til að efla hæfni sína og þekkingu á námskeiðinu.

Námsáætlun

| Tímabil | Viðfangsefni | Yfirhæfniviðmið |
|--------------------------|---|--|
| | <i>Kynning á námskeiði, nemendur kynnast, væntingar ræddar og markmið sett.</i> | |
| Ágúst - september | <i>Uppruni fjármagns: Laun og launaseðlar</i> | <i>Nemandi þekkir helstu hugtök á sviði eigin fjármála. Hér er átt við hugtök og orðaforða er tengjast innkomu, réttindum á vinnumarkaði, sköttum, sparnaði og lánum.</i> |
| | <i>Að ráða sig í vinnu: vinnulögjör og ráðningarsamningar.</i> | |
| | <i>Ráðstöfun launa</i> | |
| Október | <i>Kostnaðarvitund, verðskyn</i> | <i>Nemandi getur tekist á við verkefni úr umhverfinu eða samfélaginu, þar sem þarf að afla upplýsinga og meta þær, finna lausnir í tengslum við ábyrgð á eigin fjármálum, neyslu og þróun samfélagsins.</i> |
| | <i>Kynningar á hópverkefnum: Hvað kosta ég.</i> | <i>Nemandi getur nýtt hugbúnað/forrit við flókna framsetningu ritunarverkefna og tölulegra gagna.</i> |
| | <i>Að nota töflureikni í gerð kostnaðaráætlunar</i> | |
| Nóvember | <i>Lífeyrissjóður og peningar</i> | <i>Nemandi getur tekið ábyrga afstöðu í eigin fjármálum og neyslu, verði gagnrýninn neytandi og geti sett sér markmið á grundvelli þekkingar á fjármálaumhverfi einstaklinga og samfélags og þeim tilboðum sem eru í boði.</i> |
| | <i>Ávöxtun og myndun eigna</i> | |
| | <i>Sparnaður</i> | |
| | <i>Lán</i> | |
| Desember | <i>Lokaskil verkefna</i> | <i>Nemandi getur tekið ábyrga afstöðu í eigin fjármálum og neyslu, verði gagnrýninn neytandi og geti sett sér markmið á grundvelli þekkingar á fjármálaumhverfi einstaklinga og samfélags og þeim tilboðum sem eru í boði.</i> |
| | <i>Samantekt</i> | |

Grunnþættir menntunar

Allt námskeiðið byggir á grunnþáttum menntunar; læsi, sjálfbærni, heilbrigði og velferð, lýðræði og mannréttindi, jafnrétti, sköpun.

Námsmat

Skilgreind hafa verið sjö námsmarkmið út frá hæfniviðmiðum námskeiðsins. Hæfnieinkunn A, B, C eða D er gefin fyrir hvert hæfniviðmið að tveimur viðmiðum undanskildum þar sem krafist að nemandi hafi setið fræðslu og tekið þátt í samræðum. Leseefni, fyrirlestrar, hópavinna, samræður og verkefni miða að því að efla skilgreinda hæfnipætti.

Upplýsingar um námsframvindu verða settar fram í hæfnikorti nemanda í Mentor jafnt og þétt yfir námstímann. A þýðir að nemandi hafi sýnt framúrskarandi hæfni í námsþætt, B táknað að hæfni sé náð, C á góðri leið eða þarfnast þjálfunar og D táknað að engin hæfni hafi verið sýnd í námsþætti.

Hæfniviðmið

A B C D

Nemandi getur lesið úr launaseðli, reiknað laun og sett upp launaseðil eftir lýsingu.

Verkefni 1: Hugtakakort um launaseðil

Verkefni 2: Búa til launaseðil

Nemandi getur gert áætlun um innkomu og gjöld í eigin lífi og sett sér fjárhagsleg markmið.

Verkefni 4: Hvað kosta ég - einstaklingsverkefni

Verkefni 5: Hvað kosta ég - hópverkefni

Nemandi getur miðlað þekkingu sinni á hugtökum er tengjast innkomu, réttindum á vinnumarkaði, sköttum, sparnaði og lánum og sem tengjast með lýsandi, munnlegum, myndrænum og skapandi hætti.

Verkefni 5 (hluti af verkefni 5): Kynning á hópverkefni: Hvað kosta ég.

Nemandi getur borið saman mismunandi lánakjör og sparnað og rökstutt val sitt á hvoru tveggja til að ná ákveðnum markmiðum.

Verkefni 6: Vaxtaútreikningur

Verkefni 7: Sparnaður

Verkefni 8: Lán

Nemandi getur kynnt sér efni texta og tekið þátt í umræðum um texta og annað efni er tengist persónulegum fjármálum.

Þátttaka í lestri (Gagnvirkur lestur) og í samræðum í tíma.

Nemandi getur nýtt sér töflureikni í tölvu við að gerð persónulegs fjárhagsbókhalds.

Verkefni 6 (hluti af verkefni 6): Fjárhagsáætlun í töflureikni

Nemandi hefur setið fræðslu um skyndilána og getur dregið lærdóm af henni.

Lokið Ólokið

Verkefni 9: Lærdómspunktar samantekt

Nemandi hefur setið fræðslu um vinnulöggjöf og ráðningarsamninga og getur dregið lærdóm af henni.

Lokið Ólokið

Verkefni 3: Lærdómspunktar samantekt

Lokaeinkunn fyrir námskeið

Hæfnikort er uppfært strax og hæfni hefur verið metin (t.d. verkefni). Í lok námskeiðs (janúar fyrir haustönn og júní fyrir vorönn) verður gefin ein lokaeinkunn fyrir námskeiðið sem byggir á framvindu og stöðu í hæfnikorti nemanda.

Eftirfarandi tafla sýnir viðmið sem farið er eftir við lokamat á námskeiði. Yfir námskeiðstímann sitja nemendur fræðslu og gera verkefni sem metin eru eftir hæfniviðmiðum sem talin voru upp fyrir framan. Lokan einkunn er gefin eftir eftirfarandi töflu.

A Nemandi hefur lokið og sýnt framúrskarandi hæfni í öllum metnum hæfniviðmiðum.

B+ Skilyrði að ofan fyrir A er náð en með tveimur undantekningum. Nemandi hefur sýnt mjög góða hæfni í öllum metnum hæfniviðmiðum.

B Nemandi hefur náð öllum metnum hæfniviðmiðum. Hann hefur sýnt a.m.k. B í öllum metnum hæfniviðmiðum.

C+Nemandi er á góðri leið með að sýna hæfni í öllum hæfniviðmiðum. Það vantar örlítið upp á að nemandi hafi náð B í öllum hæfniviðmiðum.

C Nemandi þarfnast þjálfunar að ná skilgreindum hæfniviðmiðum á námskeiði.

D Nemandi hefur ekki sýnt hæfni í metnum hæfniviðmiðum.

Hlutverk og vinnulag nemandans

| | |
|--|--|
| | Fara eftir fyrirmælum. |
| Samskipti | Virða reglur skólans. Að koma fram við aðra af virðingu og ábyrgð. Tekur tillit til skoðana annarra. |
| Mæting | Að mæta á réttum tíma með öll gögn þar með talið skriffæri og bækur. |
| Virgni í tímum | Að sýna frumkvæði, taka þátt í umræðum og verkefnavinnu. |
| Heimavinna | Ljúka heimavinnu á réttum tíma. |
| Ábending um hjálpargögn fyrir nemendur | Nemendur skulu mæta með tölvur sínar í tíma. |
| Stoðþjónusta nemenda | Nemendur sem ekki fylgja námsframvindu sem getur talist eðlileg miðað við aldur fá meiri stuðning og námsaðstoð eftir þörfum. Fara eftir fyrirmælum. Virða reglur skólans þar með talið um umgengni og síma. Mæta undirbúnir á réttum tíma í tíma með allt sem þarf. |
| Skyldur nemenda | Skila verkefnum á réttum tíma. Vanda sig í samskiptum við aðra. Styðja við það að kennslustofan sé öruggt svæði fyrir alla til að gera tilraunir, gera mistök og læra. Taka þátt í verkefnum og samræðum í tíma. Tjá sig við kennara ef eitthvað þarfnast úrbóta. Koma á réttum tíma og undirbúinn í hverja kennslustund. |
| Skyldur kennara | Að tryggja öruggt námsumhverfi. Aðstoða nemendur og hvetja til dáða. Að koma fram við nemendur af virðingu og ábyrgð. |